

Bæjarstjórn - 34

FUNDARBOÐ

34. fundur bæjarstjórnar
verður haldinn í bæjarstjórnarsal, fimmtudaginn 27. mars 2025 og hefst kl. 17:00

Dagskrá:

Fundargerðir nefnda

- 1. 2503002F - Skóla- og fræðslunefnd - 19**
Lögð fram 19. fundargerð skóla- og fræðslunefndar.
- 2. 2503001F - Skipulagsnefnd - 28**
Lögð fram 28. fundargerð skipulagsnefndar.
- 3. 2503003F - Bæjarráð - 31**
Lögð fram 31. fundargerð bæjarráðs.

Erindi til kynningar

- 4. 2102003 - Fundargerðir - Samband íslenskra sveitarfélaga**
Lögð fram fundargerð 972. fundar stjórnar Sambandsins frá 11. mars 2025.
- 5. 2005070 - Fundargerðir Breiðafjarðarnefndar**
Lögð fram fundargerð 229. fundar breiðafjarðarnefndar.
- 6. 2503004 - Samúðarkveðja til Örebro**
Lögð fram samúðarkveðja sem bæjarstjóri sendi fyrir hönd bæjarstjórnar til Örebro, sem er vinabær sveitarfélagsins, í kjölfar voðaverkanna sem áttu sér stað í byrjun febrúar, ásamt þakkarbréfi frá Örebro.
- 7. 2503005 - Fyrirspurn um samstarf**
Lögð fram fyrirspurn um samstarf frá samtökunum Landsbyggðin lífi.

Erindi til afgreiðslu/umsagnir

- 8. 2503010 - Gjaldskrá - Salerni**
Lögð fram tillaga að gjaldskrá fyrir salerni á hafnarsvæði.

Bæjarráð samþykkti, á 31. fundi sínum, gjaldskrá fyrir salerni á hafnarsvæði og vísaði málinu til samþykktar í bæjarstjórn

9. 2308015 - Skipulagsbreytingar

Skipurit sveitarfélagsins var tekið til umræðu á 31. fundi bæjarráðs og lögð fram tillaga bæjarstjóra að breytingum á skipuriti.

Bæjarráð samþykkti á fundi sínum tillögu bæjarstjóra.

10. 2501015 - Samþykkt fyrir byggðasamlag um rekstur Félags- og skólaþjónustu Snæfellinga

Lögð fram ný samþykkt fyrir byggðasamlag um rekstur Félags- og skólaþjónustu Snæfellinga.

Bæjarstjórn vísaði, á 32. fundi sínum, samþykktinni til síðari umræðu í bæjarstjórn. Þá vísaði bæjarráð samþykktinni, á 31. fundi sínum, einnig til síðari umræðu í bæjarstjórn.

11. 2409022 - Nýrækt - deiliskipulagsbreyting 2025

Lögð fram tillaga að óverulegri breytingu á deiliskipulagi Nýræktar. Skipulagsfulltrúi leggur fram óverulega breytingu þar sem byggingarreitur á skógræktarlóð er færður til og bílastæði til samræmis vegna byggingar á lóðinni.

Á 24. fundi skipulagsnefndar 17. sept. 2024 var veitt heimild til að hefja vinnu við breytingu á deiliskipulagi Nýræktar 2015 m.s.br. vegna fyrirhugaðar byggingu allt að 120 m2 þjónustuhúss á skógræktarlóð.

Bæjarráð samþykkti afgreiðslu skipulagsnefndar á 25. fundi sínum 2. sept. 2024.

Skipulagsnefnd samþykkti, á 28. fundi sínum, óverulega breytingu á deiliskipulagi Nýræktar og í ljósi þess að framlögð tillaga að breytingu deiliskipulaginu er samvinnuverkefni sveitarfélagsins og Skógræktarfélags Stykkishólms telur nefndin ekki þörf á að grenndarkynna tillöguna enda taldi nefndin að henni fylgi ekki skerðing eða röskun á grenndarhagsmunum annarra. Með vísan til þessa samþykkti skipulagsnefnd framlagða deiliskipulagsbreytingu og lagði til við bæjarstjórn að hún verði samþykkt og að deiliskipulagið taki gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda og verði send Skipulagsstofnun til varðveislu í samræmi við 2. mgr. 43.gr. skipulagslaga nr.123/2010.

Bæjarráð staðfesti afgreiðslu skipulagsnefndar á 31. fundi sínum.

12. 2408034 - Breytingu á deiliskipulagi Þinghúshöfða

Lögð fram að nýju tillaga að óverulegri breytingu á deiliskipulagi Þinghúshöfða.

Tillagan hefur verið grenndarkynnt skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga og var hún kynnt eigendum Skólastígs 8 og 10. Eigendur Skólastígs 10 gerðu ekki athugasemdir við breytinguna en eigendur Skólastígs 8 gerðu athugasemd varðandi breytinguna.

Skipulagsfulltrúi lagði, á 28. fundi skipulagsnefndar, fram tillögu að bókun/svari v/athugasemdarinnar.

Skipulagsnefnd taldi ekki þörf á að bregðast við framlagðri athugasemd/ábendingu við afgreiðslu málsins og samþykkti fyrirbyggjandi tillögu að svari sveitarfélagsins. Með

vísan til þessa samþykkti skipulagsnefnd framlagða deiliskipulagsbreytingu eins og hún liggur fyrir að lokinni grenndarkynningu og lagði til við bæjarstjórn að hún verði samþykkt og að deiliskipulagið taki gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda og verði send Skipulagsstofnun til varðveislu í samræmi við 2. mgr. 43.gr. skipulagslaga nr.123/2010.

Bæjarráð staðfesti, á 31. fundi sínum, afgreiðslu skipulagsnefndar og vísaði málinu jafnframt til bæjarstjórnar.

13. 2501011 - Úttekt á kennslumagni Grunnskólans í Stykkishólmi

Á 19. fundi skóla- og fræðslunefndar var lögð fram skýrsla Ásgarðs skólaráðgjafarþjónustu vegna úttektar á úthlutun á kennslumagni og sérkennslu/stuðningi við Grunnskólanum í Stykkishólmi í samræmi við tillögur og hugmyndir í stefnumörkun og áherslum sveitarfélagsins í fjárhagsáætlun 2025.

Farið var yfir skýrslu Ásgarðs skólaráðgjafarþjónustu og rætt var um viðmið kennslumagns, stoðþjónustu, aðstoð við kennara og aðstoð við nemendur inn í bekk. Einnig var rætt um innra mat skólans og aukina aðkomu Ásgarðs skólaráðgjafar að leikskólanum.

Skóla- og fræðslunefnd samþykkti tvær neðan greindar tillögur.

1. Skóla- og fræðslunefnd samþykkti meðfylgjandi viðmið um úthlutun á kennslumagni og að úthlutun á grunnkennslumagni fari framvegis fram samkvæmt þeim. Úthlutun á kennslumagni til grunnskólans skal byggja á áætlun skólastjóra um nemendafjölda frá 1. mars ár hvert.

2. Skóla- og fræðslunefnd samþykkti að stofna starfshóp um fyrirkomulag úthlutunar á stoðþjónustu allra barna í sveitarfélaginu. Starfshópnum er ætlað að skila tillögu til skóla- og fræðslunefndar 1. nóvember 2025. Í hópnum verði deildarstjóri stoðþjónustu grunnskólans og sérkennslustjóri leikskólans auk verkefnastjóra frá skólaráðgjafarþjónustunni Ásgarði. Skólastjórnendur skólanna verði til samráðs.

Bæjarráð staðfesti, á 31. fundi sínum, afgreiðslu skóla- og fræðslunefndar og vísaði henni til staðfestingar í bæjarstjórn.

Bæjarráð óskaði jafnframt eftir fundi með skólastjóra varðandi skýrslu Ásgarðs.

14. 2010002 - Húsnæðismál Grunnskólans í Stykkishólmi

Í fjárhagsáætlun sveitarfélagsins er áhersla lögð á að koma til móts við húsnæðisþörf Grunnskólans í Stykkishólmi. Bæjarstjóri gerði á 19. fundi skóla- og fræðslunefndar grein fyrir áætlunum sveitarfélagsins í þeim efnum. Skóla- og fræðslunefnd fagnaði áætlunum sveitarfélagsins og taldi tímabært er að skólinn fái aukið rými. Með auknum húsakosti skapast spennandi tækifæri m.a. til skólapróunar.

Lagður er fram kaupsamningur og afsal um kaup á húseiningum til staðfestingar, en sveitarfélagið átti hæsta boð í lausar húseiningar sem Reykjavíkurborg var að selja við Dalskóla í Úlfarsárdal.

Bæjarráð tók, á 31. fundi sínum, undir afgreiðslu skóla- og fræðslunefndar og staðfesti fyrirbyggjandi kaupsamning og afsal um kaup á lausum húseiningum, fyrirbyggjandi staðsetningar þeirra (við grunnskóla, við íþróttahús, í skógrækt, við flugstöð og á

Stykkishólmshöfn) og fól starfsfólki sveitarfélagsins að halda áfram með þann undirbúning sem nauðsynlegur er til þess að tryggja eftir fremsta megni að hægt verði að hefja starfsemi í mannvirkjunum sem tengjast skólastarfi við upphaf næsta skólaárs.

Afgreiðsla bæjarráðs er lögð fram til staðfestingar í bæjarstjórn.

15. 1911024 - Tillaga um tímabundna niðurfellingu á gatnagerðargjöldum

Bæjarstjóri leggur til að veittur verði tímabundinn annars vegar 90% afsláttur og hins vegar 25% afsláttur skv. 6. gr. laga nr. 153/2006, sbr. og 6. gr. samþykktu um gatnagerðargjald í Stykkishólmi, á gatnagerðargjöldum af byggingum íbúðarhúsnæðis m.v. gjaldskrá 2025 á tilteknum lóðum í Stykkishólmi og að lækkunarheimildin taki gildi eftir samþykkt bæjarstjórnar til og með 31. desember 2025.

16. 1808022 - Minnispunktur bæjarstjóra

Lagðir fram minnispunktur bæjarstjóra.

25.03.2025

Jakob Björgvin Jakobsson, bæjarstjóri.